

Forgangsröðun íbúaráðs Háaleitis og Bústaða vegna fjárfestinga- og viðhaldsáætlunar Reykjavíkurborgar.

Íbúaráðið tekur undir erindi frá formönnum íbúaráða í Reykjavík sem sent var formanni Umhverfis og skipulagsráðs, sviðsstjóra Umhverfis og skipulagssviðs, skrifstofustjóra eignaskrifstofu og skrifstofustjóra framkvæmda og viðhalds og stýrihóp um innleiðingu íbúaráða:

„Formenn íbúaráða Reykjavíkurborgar fagna kynningu á fjárfestinga- og viðhaldsáætlun 2020-2025 og möguleika til þess að hafa áhrif á hana. Formenn telja þó allir að kynningin hafi verið of almenn og hvorki hugsuð né skipulögð með hag hverfanna og íbúaráðanna í huga. Sértek kynning á framkvæmdum í hverju hverfi eða borgarhluta hefði verið gagnlegri. Mikilvægt er að setja upplýsingar fram á aðgengilegan og skýran máta og tryggja aðgengi allra fulltrúa í íbúaráðunum að upplýsingum. Við óskum eftir því við skrifstofu Eigna og atvinnuþróunar að þróa kynningarnar áfram með hvern borgarhluta í huga, þannig að þær nýtist betur íbúaráðunum og íbúum hverfanna og að á næsta ári verði framsetning með öðrum hætti en núna.”

Íbúaráðið leggur til að ári verði lögð fyrir greingargóð kynning á framkvæmdum og viðhaldi í Háaleiti og Bústaðum þannig að ráðinu gefist góður tími til að meta þær framkvæmdir og sem og hafi nægan tíma til að skila inn athugasemdum þar að lútandi.

Einnig leggur ráðið til að lýðræðisverkefninu Hverfið mitt verði tvískipt með þeim hætti að fólk hafi tæk á að skila inn athugasemdum og hugmyndum að viðhaldi annars vegar og nýframkvæmdum hins vegar. Það hefur töluvert mikið borið á gagnrýni að þarna sé verið að kjósa um hluti sem ættu að vera á viðhaldsáætlunum og að fólk þurfi að velja á milli til dæmis líkamsræktar- eða grillaðstöðu eða eðlilegs viðhalds í borgarlandinu. Með því að tvískipta verkefninu með þessum hætti má slá tvær flugur í einu höggi, bæði koma til móts við á þessar háværu gagnrýnisraddir vegna Betri Reykjavíkur og safna saman raunhæfum tillögum íbúa vegna viðhalds, þ.e. þeirra þátta sem íbúar vilja setja í forgang.

Íbúaráð Háaleitis og Bústaða leggur til að þessir þættir verði hafðir til hliðsjónar vegna forgangsröðunar á fjárfestingu og viðhaldi í hverfunum tveimur í komandi áætlun; umferðaröryggi, lýðheilsa og félagsauður.

Umferðaröryggi

Borgarhlutinn er rammaður inn af mjög þungum umferðaræðum á alla kanta. Börn og ungmenni þurfa að fara yfir þungar umferðargötur til að fara í skóla og til að sinna tómsundum. Ráðið óskar eftir því að umferðaröryggi íbúa í hverfinu verði sett í öndvegi, sérstaklega þarfir barna og ungmenna.

Í þessu samhengi vill ráðið nefna sérstaklega:

- að sérstaklega þurfi að huga að öruggum samgöngum milli hverfa vegna yfirtöku Víkings á íþróttastöðu í Safamýri.

- Mikilvægt er að koma upp göngubrú eða undirgöngum yfir Kringlumýrarbraut milli Miklubrautar og Háaleitisbrautar. Þarna er ekki hægt að fara yfir götuna á löngum kafla en fólk gerir það þó samt, einkum börn og ungmenni; klifrar yfir girðingu eða göt á girðingu og er því í töluverðri hættu.

- Mikilvægt er að bæta tengingu vegna barna í hverfunum sem nýta sér mikið íþróttaaðstöðu og tónlistarnám í Laugardalnum. Íbúaráðið leggur til gerð undirgangna undir Suðurlandsbraut við Vegmúla til að bæta öryggi grunnskólabarna.

- Tryggja að öll gönguljós í borgarhlutanum logi nægilega lengi þannig að öryggi og hagur gangandi og hjólandi sé settur í forgang umfram hag hinna akandi. Þetta á sérstaklega við um umferðarþung gatnamót og gatnamót í nálægð við skóla og tómstundir barna.

- að tryggja þurfi öryggi gangandi og hjólandi til og frá skóla og frístunda sem og milli hverfahluta á útivistarsvæðum.

- Huga að bættri lýsingu á leiksvæðum og almenningsrýmum.

Lýðheilsa og félagsauður

Íbúaráð Háaleitis og bústaða leggur áherslu á borgarumhverfi þar sem lýðheilsa og félagsauður íbúa er settur í forgang. Þannig þarf að huga að loftgæðum eins og hægt er, huga vel að grænum svæðum og aðstöðu fyrir hreyfingu útivist fyrir alla, fólk á öllum aldri og fólki með skerta færni. Í þessu samhengi leggur ráðið áherslu á:

- Að skipulag og framkvæmd vegna sundlaugar í Fossvogi verði sett í forgang en sundlaug þar hefur verið rætt afar lengi án þess að bóli á deiluskipulagsáætlun vegna hennar eða framkvæmdaáætlun.
- Einnig fer ráðið þess á leit að grænt íþróttasvæði við Framheimilið, þar sem hefur komið til tals að þetta byggð verði hannað sem fjölbreytt útivistar- og hreystisvæði fyrir íbúana á svæðinu. Enda er svæðið eitt það þéttbýlasta í borginni og mikið um blokkir allt um kring. Ekkert stórt grænt svæði er í næsta nágrenni, næstu stóru útivistarsvæði eru Klambratún og Laugardalur sem eru í öðrum hverfum. Í þessu samhengi er mikilvægt að kanna vilja og hug íbúanna sem búa nærri þessum bletti.
- Æskilegt væri að skólar í hverfunum hefðu aðgang að útikennslustofum í hverfunum.
- Huga þarf að viðhaldi allra leiksvæða, bæði róluvalla en einnig minni körfuboltavalla og fleiri valla sem eru komnir til ára sinna.
- Skortur er á fjölbreyttri útiafþreyingu fyrir eldri börn og ungmenni sem eru orðin of gömul fyrir hefðbundna „róluvelli“ – afþreyingu sem einnig nýtist fullorðnu fólki sem er ungt í anda.
- Mikið er um eldri borgara í hverfunum og mikilvægt að huga að þeirra þörfum svo sem vegna útiveru, umferðaröryggis og fleiri þátta.
- Reglubundið og eðlilegt viðhald skólabygginga í hverfinu verði tryggt.
- Upplýsingaflæði til íbúa verði tryggt þegar áætlanir um framkvæmdir við skólabyggingar liggja fyrir.